

REGLUGERÐ

um þvingunaraðgerðir varðandi Alþýðulýðveldið Kóreu.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja:

- a) ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem eru settar á grundvelli 41. gr. VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna,
- b) ákvörðunum framkvæmdanefnda þess um þvingunaraðgerðir og/eða
- c) ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, eftir því sem við á.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir öryggisráðsins og framkvæmdanefnda þess eða ályktanir Evrópusambandsins er að ræða, þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr. Gerðirnar, ásamt viðaukum, eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa:

- Fylgiskjal 1: Ákvörðun ráðsins 2013/183/SSUÖ frá 22. apríl 2013 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu og niðurfellingu ákvörðunar 2010/800/SSUÖ.
- Fylgiskjal 2: Ákvörðun ráðsins 2014/212/SSUÖ frá 14. apríl 2014 um breytingu á ákvörðun 2013/183/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu.
- Fylgiskjal 3: Ákvörðun ráðsins 2014/700/SSUÖ frá 8. október 2014 um breytingu á ákvörðun 2013/183/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu.
- Fylgiskjal 4: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 329/2007 frá 27. mars 2007 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu.
- Fylgiskjal 5: Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1283/2009 frá 22. desember 2009 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 329/2007 frá 27. mars 2007 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu.
- Fylgiskjal 6: Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 567/2010 frá 29. júní 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 329/2007 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu.
- Fylgiskjal 7: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1355/2011 frá 20. desember 2011 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 329/2007 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu.
- Fylgiskjal 8: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 137/2013 frá 18. febrúar 2013 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 329/2007 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu.
- Fylgiskjal 9: Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 296/2013 frá 26. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 329/2007 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu.
- Fylgiskjal 10: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 370/2013 frá 22. apríl 2013 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 329/2007 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu.
- Fylgiskjal 11: Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 696/2013 frá 22. júlí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 329/2007 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu.

- Fylgiskjal 12: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 386/2014 frá 14. apríl 2014 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 329/2007 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu.
- Fylgiskjal 13: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2014 frá 8. október 2014 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 329/2007 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu.

Viðaukar við framangreindar gerðir eru birtir á frummáli, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frystingu fjármuna.

3. gr.

Aðlögun.

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- a) ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins („EB“, „ESB“, „Bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“) eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
- b) ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana þess gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda,
- c) tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á,
- d) tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005,
- e) tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á,
- f) vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: www.utn.is/thvingunaraðgerdir.

4. gr.

Tilkynning.

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

5. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir gagnvart Alþýðulýðveldinu Kóreu nr. 542/2011.

Utanríkisráðuneytinu, 26. janúar 2015.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.**Ákvörðun ráðsins 2013/183/SSUÖ****frá 22. apríl 2013****um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu og niðurfellingu ákvörðunar 2010/800/SSUÖ.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 22. desember 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/800/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu (¹), m.a. til framkvæmdar ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1718 (2006) og nr. 1874 (2009).
- 2) Hinn 19. desember 2011 samþykkti ráðið ákvörðun 2011/860/SSUÖ (²) um breytingu á ákvörðun 2010/800/SSUÖ.
- 3) Hinn 12. febrúar 2013 gerði Alþýðulýðveldið Kórea kjarnorkutilraun og braut þar með gegn alþjóðlegum skuldbindingum sínum samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009) og nr. 2087 (2013) sem er alvarleg ógnun við frið og öryggi á svæðinu og í alþjóðlegu tilliti.
- 4) Hinn 18. febrúar 2013 samþykkti ráðið ákvörðun 2013/88/SSUÖ (³) um breytingu á ákvörðun 2010/800/SSUÖ og til framkvæmdar m.a. ályktun öryggisráðs SP nr. 2087 (2013).
- 5) Hinn 7. mars 2013 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2094 (2013) sem fordæmir harðlega kjarnorkutilraunina sem Alþýðulýðveldið Kórea gerði 12. febrúar 2013 og braut þannig gegn viðeigandi ályktunum öryggisráðs SP af svívirðilegu virðingarleysi.
- 6) Með ályktun öryggisráðs SP nr. 2094 (2013) er sú skylda að hindra að Alþýðulýðveldinu Kóreu sé látin í té tækniþjálfun, ráðgjöf, þjónusta eða aðstoð, sem komið var á skv. c-lið 8. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), enn fremur vikkuð út þannig að hún taki til hluta, efnis, búnaðar, vara og tækni eins og um getur í 20. mgr. ályktunar 2094 (2013) og hluta sem um getur í 22. gr. hennar, enn fremur er tekið fram í ályktuninni að þessar ráðstafanir taki einnig til miðlunarþjónustu eða millistigsþjónustu.
- 7) Með ályktun öryggisráðs SP nr. 2094 (2013) eru fjárhagslegu takmarkanirnar, sem kveðið er á um í d-lið 8. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), einnig vikkaðar út þannig að þær taki til fleiri aðila og rekstrareininga og til aðila og rekstrareininga, sem koma fram fyrir hönd eða samkvæmt fyrirmælum tilgreindra aðila og rekstrareininga, og til rekstrareininga sem þau eiga eða ráða yfir.
- 8) Með ályktun öryggisráðs SP nr. 2094 (2013) eru ferðatakmarkanirnar, sem kveðið er á um í e-lið 8. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), einnig vikkaðar út þannig að þær taki til fleiri aðila og til aðila, sem koma fram fyrir hönd eða samkvæmt fyrirmælum tilgreindra aðila.
- 9) Að auki er með ályktun öryggisráðs SP nr. 2094 (2013) mælt fyrir um að ferðatakmarkanirnar, sem kveðið er á um í e-lið 8. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), skuli einnig gilda um hvern þann sem ríki telur að starfi fyrir hönd eða samkvæmt fyrirmælum aðila eða rekstrareiningar sem hefur verið tilgreind, eða aðstoði við að komast hjá refsiaðgerðum eða við brot gegn ákvæðum ályktana öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013).
- 10) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2094 (2013) er einnig kveðið á um að ríkisborgara Alþýðulýðveldisins Kóreu, sem starfar fyrir hönd eða samkvæmt fyrirmælum aðila eða rekstrareiningar sem hefur verið tilgreind, eða aðstoðar við að komast hjá refsiaðgerðum eða við brot gegn ákvæðum ályktana öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013), skuli vísað úr landi.
- 11) Enn fremur er með ályktun öryggisráðs SP nr. 2094 (2013) ákveðið að ríki skuli koma í veg fyrir veitingu fjármálaþjónustu, eða tilfærslu fjárhagslegra eða annarra verðmæta, þ.m.t. lausafjár í miklu magni, til, um eða frá yfirráðasvæðum sínum, í tengslum við starfsemi sem gæti ýtt undir kjarnorku- og skotflaugaáætlanir Alþýðulýðveldisins Kóreu eða aðra starfsemi sem er bönnuð samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013), eða það að komist sé hjá ráðstöfunum sem er komið á með þessum ályktunum.
- 12) Með ályktun öryggisráðs SP 2094 (2013) eru ríki einnig hvött til að gera ráðstafanir til að leggja bann við opnun nýrra útibúa, dótturfélaga eða umboðsskrifstofa banka Alþýðulýðveldisins Kóreu á yfirráðasvæðum sínum og við því að bankar Alþýðulýðveldisins Kóreu stofni ný fyrirtæki um sameiginlegt verkefni og að þeir öðlist eignarhlut í eða stofni til nýrra millibankatengsla við banka innan lögsögu þeirra eða viðhaldi þeim. Enn fremur ættu ríkin að gera ráðstafanir til þess að banna bönkum

innan yferráðasvæða eða lögsögu sinnar að opna umboðsskrifstofur eða dótturfélög eða bankareikninga í Alþýðulýðveldinu Kóreu.

- 13) Að auki er bannað, samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 2094 (2013), að veita opinberan fjárstuðning vegna verslunarviðskipta við Alþýðulýðveldið Kóreu ef slíkur fjárstuðningur gæti ýtt undir kjarnorku- og skotflaugaáætlanir Alþýðulýðveldisins Kóreu eða aðra starfsemi sem er bönnuð samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013), eða það að komist sé hjá ráðstöfunum sem er komið á með þessum ályktunum.
- 14) Með ályktun öryggisráðs SP 2094 (2013) er einnig komið á þeirri skyldu að skoða allan farm, sem er upprunninn í Alþýðulýðveldinu Kóreu, er á leið til Alþýðulýðveldisins Kóreu eða þegar Alþýðulýðveldið Kórea eða ríkisborgarar þess, eða aðilar eða rekstrareiningar sem koma fram fyrir þeirra hönd, eru miðlarar í viðskiptunum eða greiða fyrir þeim, þegar gild ástæða er til að ætla að í farminum séu bannaðir hlutir. Ef skip neitar að sæta skoðun skal því meinuð koma til landsins.
- 15) Með ályktun öryggisráðs SP 2094 (2013) eru ríki einnig hvött til að synja hvers kyns loftfari um leyfi til að hefja sig til flugs eða lenda á yferráðasvæðum þeirra eða fljúga yfir þau, ef þau hafa gilda ástæðu til að ætla að í loftfarinu séu hlutir sem eru bannaðir.
- 16) Með ályktun öryggisráðs SP nr. 2094 (2013) er bannið við afhendingu, sölu eða tilfærslu tiltekinna hluta og tækni til hernaðar, eins og sett er fram í a- og b-lið 8. mgr. í ályktun öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), einnig vikkað út þannig að það nái til fleiri hluta og tækni.
- 17) Samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 2094 (2013) eru öll ríki enn fremur hvött til þess að hindra afhendingu, sölu eða tilfærslu til eða frá Alþýðulýðveldinu Kóreu eða ríkisborgurum þess lands, á hvers konar hlutum, ákvarði þau að slíkir hlutir gætu ýtt undir kjarnorku- eða skotflaugaáætlanir Alþýðulýðveldisins Kóreu eða starfsemi sem er bönnuð samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013).
- 18) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2094 (2013) er hugtakið „munaðarvörur“ skýrt.
- 19) Með ályktun öryggisráðs SP nr. 2094 (2013) eru öll ríki einnig hvött til að sýna aukna árvekni gagnvart diplómatisku starfsliði Alþýðulýðveldisins Kóreu.
- 20) Með ákvörðun þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og til sanngjarnra réttarhalda, rétturinn til eignar og rétturinn til verndar persónuupplýsinga. Beita ber ákvæðum ákvörðunar þessarar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.
- 21) Með ákvörðun þessari eru einnig virtar, í einu og öllu, skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og lagalega bindandi eigindir ályktana öryggisráðs SP.
- 22) Til glöggvunar ber að fella ákvörðun 2010/800/SSUÖ úr gildi og ný ákvörðun að koma í hennar stað.
- 23) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. KAFLI

TAKMARKANIR Á ÚTFLUTNINGI OG INNFLUTNINGI

1. gr.

1. Lagt er bann við því að láta í té, selja eða tilfæra eftirfarandi hluti og tækni, þ.m.t. hugbúnað, með beinum eða óbeinum hætti, til Alþýðulýðveldisins Kóreu fyrir milligöngu ríkisborgara aðildarríkja eða um eða frá yferráðasvæðum aðildarríkja, eða með skipum sem sigla undir fána þeirra eða með loftförum þeirra, hvort sem uppruni hlutanna eða tækninnar er á yferráðasvæðum aðildarríkja eður ei:

- a) vopn og hvers kyns tengdan herbúnað, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnaður, tækjabúnaður, sem ekki er ætlaður ríkisher, og varahluti í fyrrnefnd tæki og tól, að undanskildum farartækjum sem ekki eru notuð í hernaði en hafa verið framleidd með eða búin skotheldri vörn og eru eingöngu ætluð til að vernda starfsfólk ESB og aðildarríkja þess í Alþýðulýðveldinu Kóreu,
- b) alla hluti, efni, tækjabúnað, vörur og tækni samkvæmt ákvörðun öryggisráðs SP eða nefndarinnar, sem komið var á fót skv. 12. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1718 (2006) („framkvæmda-nefndarinnar um þvingunaraðgerðir“), í samræmi við ii. undirlið a-liðar 8. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), b-lið 5. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2087 (2013) og 20. mgr. ályktunar

öryggisráðs SP nr. 2094 (2013), sem gætu ýtt undir áætlanir Alþýðulýðveldisins Kóreu sem tengjast kjarnorku, skotflaugum eða öðrum gereyðingarvopnum,

- c) tiltekna aðra hluti, efni, tækjabúnað, vörur og tækni sem gætu ýtt undir kjarnorkuáætlanir Alþýðulýðveldisins Kóreu og áætlanir þess lands sem tengjast skotflaugum eða öðrum gereyðingarvopnum, eða gætu ýtt undir hernaðarstarfsemi þess lands, sem skulu taka til allra vara og tækni með tvíþætt notagildi, sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009 um að setja Bandalagsreglur um eftirlit með útflutningi, tilfærslu, miðlun og umflutningi hluta með tvíþætt notagildi ⁽⁴⁾. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þetta ákvæði,
- d) tiltekna lykilihluti fyrir starfsemi á sviði skotflauga, eins og tiltekna gerðir áls sem eru notaðar í kerfi sem tengjast skotflaugum. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þetta ákvæði,
- e) hvers konar hluti aðra sem gætu ýtt undir kjarnorku- eða skotflaugaáætlanir Alþýðulýðveldisins Kóreu, starfsemi sem er bönnuð samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013) eða þessari ákvörðun, eða það að komist sé hjá ráðstöfunum sem er komið á með áðurnefndum ályktunum öryggisráðs SP eða þessari ákvörðun. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þetta ákvæði.

2. Ennfremur er lagt bann við því:

- a) að veita tækniþjálfun, ráðgjöf, þjónustu, aðstoð eða miðlunarþjónustu, eða annars konar millistigsþjónustu, sem tengist hlutum og tækni, sem tilgreind eru í 1. mgr. eða því að afhenda, framleiða, viðhalda og nota þá hluti í þágu aðila, rekstrareininga eða stofnana í Alþýðulýðveldinu Kóreu, eða til notkunar þar í landi, með beinum eða óbeinum hætti,
- b) að láta, með beinum eða óbeinum hætti, aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í, eða til notkunar í, Alþýðulýðveldinu Kóreu í té fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist hlutum og tækni, er um getur í 1. mgr., þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrki, lán og greiðsluvátryggingu vegna útflutnings, ásamt tryggingu og endurtryggingu vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings fyrrnefndra hluta eða tækni eða vegna veitingar tengdrar tækniþjálfunar, ráðgjafar, þjónustu, aðstoðar eða miðlunar,
- c) að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þau bönn er um getur í a- eða b-lið eru sniðgengin.

3. Innkaup hluta eða tækni, er um getur í 1. mgr., frá Alþýðulýðveldinu Kóreu af hálfu ríkisborgara aðildarríkjanna, eða með því að nota skip sem sigla undir fána þeirra eða loftför þeirra, og veiting tæknilegrar þjálfunar, ráðgjafar, þjónustu, aðstoðar, fjármögnunar og fjárhagsaðstoðar, sem um getur í 2. mgr., ríkisborgurum aðildarríkjanna til handa af hálfu Alþýðulýðveldisins Kóreu, skal einnig bönnuð, hvort sem uppruni þeirra er á yfirráðasvæði Alþýðulýðveldisins Kóreu eður ei.

2. gr.

Lagt skal bann við beinni eða óbeinni sölu, kaupum, flutningi eða miðlun gulls og eðalmálma og demanta til, frá eða fyrir stjórnvöld í Alþýðulýðveldinu Kóreu, opinberar stofnanir þess, fyrirtæki og umboðsskrifstofur, Seðlabanka Alþýðulýðveldisins Kóreu og til, frá eða fyrir aðila og rekstrareiningar, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða vinna undir stjórn þeirra, eða rekstrareiningar sem eru í eigu eða lúta stjórn þeirra. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þetta ákvæði.

3. gr.

Banna skal afhendingu nýlega prentaðra eða óútgefinna peningaseðla eða sleginnar myntar á nafni Alþýðulýðveldisins Kóreu til eða í þágu Seðlabanka Alþýðulýðveldisins Kóreu.

4. gr.

Lagt er bann við því að láta í té, selja eða flytja munaðarvörur til Alþýðulýðveldisins Kóreu með beinum eða óbeinum hætti, fyrir milligöngu ríkisborgara aðildarríkjanna eða um eða frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna, eða með skipum sem sigla undir fána þeirra eða með loftförum þeirra, hvort sem uppruni þeirra er á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eður ei. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þetta ákvæði.

II. KAFLI

TAKMARKANIR Á FJÁRSTUÐNINGI VEGNA VERSLUNARVIÐSKIPTA

5. gr.

Aðildarríki skulu ekki veita opinberan fjárstuðning vegna verslunarviðskipta við Alþýðulýðveldið Kóreu, þ.m.t. að samþykkja útflutningslán, -ábyrgðir eða -tryggingar til ríkisborgara sinna eða rekstrareininga, sem eiga aðild að slíkum viðskiptum, ef slíkur fjárstuðningur gæti ýtt undir kjarnorkuáætlanir eða -starfsemi Alþýðulýðveldinu Kóreu og áætlanir eða starfsemi þess lands í tengslum við skotflaugar eða önnur geryðingarvopn eða aðra starfsemi sem er bönnuð samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013) eða með þessari ákvörðun, eða það að komist sé hjá ráðstöfunum sem er komið á með þessum ályktunum eða þessari ákvörðun.

III. KAFLI

FJÁRMÁLAGEIRINN

6. gr.

Aðildarríkin skulu ekki taka á sig nýjar skuldbindingar viðvíkjandi styrkjum, fjárhagsaðstoð eða lánum með ívilnunum til Alþýðulýðveldisins Kóreu, m.a. fyrir tilstilli þátttöku þeirra í starfsemi alþjóðlegra fjármálastofnana, að undanskildum skuldbindingum viðvíkjandi mannúðar- og þróunarmálum sem varða beint þarfir óbreyttra borgara eða stuðla að kjarnorkuafvopnun. Aðildarríki skulu einnig sýna árvekni með það fyrir augum að draga úr núgildandi skuldbindingum og, ef unnt er, binda enda á þær.

7. gr.

1. Til að koma í veg fyrir veitingu fjármálaþjónustu eða tilfærslu peningalegra eigna eða annarra eigna eða tilfanga, þ.m.t. lausafjár í miklu magni, sem gætu ýtt undir kjarnorkuáætlanir eða -starfsemi Alþýðulýðveldisins Kóreu eða áætlanir eða starfsemi þess lands í tengslum við skotflaugar eða önnur geryðingarvopn, til, um eða frá yfirráðasvæði aðildarríkja, eða til eða með þátttöku ríkisborgara aðildarríkja eða rekstrareininga sem stofnaðar eru samkvæmt lögum þeirra, eða aðila eða fjármálastofnana innan lögsögu þeirra, eða aðra starfsemi sem er bönnuð samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013), eða það að komist sé hjá ráðstöfunum, sem er komið á með áður nefndum ályktunum öryggisráðs SP eða þessari ákvörðun, skulu aðildarríki hafa aukið eftirlit með viðskiptum fjármálastofnana innan lögsögu sinnar:

- a) vegna banka með heimilisfesti í Alþýðulýðveldinu Kóreu,
- b) vegna útibúa og dótturfélaga banka, sem hafa heimilisfesti í Alþýðulýðveldinu Kóreu og eru skráð í IV. viðauka, innan lögsögu aðildarríkjanna,
- c) vegna útibúa og dótturfélaga banka, sem hafa heimilisfesti í Alþýðulýðveldinu Kóreu og eru skráð í V. viðauka, utan lögsögu aðildarríkjanna og
- d) vegna fjármálafyrirtækja, sem hvorki hafa heimilisfesti í Alþýðulýðveldinu Kóreu né innan lögsögu aðildarríkjanna, en lúta yfirráðum aðila og rekstrareininga sem hafa heimilisfesti í Alþýðulýðveldinu Kóreu og eru skráð í V. viðauka,

til að koma í veg fyrir að slík starfsemi styðji við kjarnorkuáætlanir eða -starfsemi Alþýðulýðveldisins Kóreu og áætlanir eða starfsemi þess lands í tengslum við skotflaugar eða önnur geryðingarvopn.

2. Í fyrrnefndum tilgangi skulu fjármálastofnanir, í viðskiptum sínum við banka og fjármálafyrirtæki, sem sett eru fram í 1. mgr.:

- a) hafa stöðugt eftirlit með hreyfingum á reikningum, þ.m.t. fyrir tilvernað áætlananna sinna um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna og eins og þeim ber að gera samkvæmt skuldbindingum sínum varðandi peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
- b) gera kröfu um að allir upplýsingareitir í greiðslufyrirmælum, sem varða sendanda og viðtakanda í þeim viðskiptum sem um ræðir, séu útfylltir og hafna viðskiptunum séu upplýsingarnar ekki veittar,
- c) varðveita öll skráð gögn um viðskipti í fimm ár og veita landsyfírvöldum aðgang að þeim sé þess óskað,
- d) hafi þær grunsemdir um eða réttmæta ástæðu til að ætla að fjármunir gætu stutt við kjarnorkuáætlanir eða starfsemi Alþýðulýðveldisins Kóreu og áætlanir eða starfsemi þess lands í tengslum við skotflaugar eða önnur geryðingarvopn, tilkynna tafarlaust grunsemdir sínar til peningaþvættis-skrifstofunnar (FIU) eða annars lögbærs stjórnvalds sem hlutaðeigandi aðildarríki tilgreinir. Peningaþvættis-skrifstofan eða annað sambærilegt lögbært stjórnvald skal hafa aðgang tímanlega, með beinum eða óbeinum hætti, að fjármálaupplýsingum og stjórnsýslu- og löggæsluupplýsingum, sem

henni eða því eru nauðsynlegar til að gegna þessu hlutverki á réttan hátt, þ.m.t. greining á skýrslum um grunsamleg viðskipti.

8. gr.

1. Lagt er bann við opnun nýrra útibúa, dótturfélaga eða umboðsskrifstofa banka Alþýðulýðveldisins Kóreu á yfirráðasvæðum aðildarríkja, þ.m.t. Seðlabanka Alþýðulýðveldisins Kóreu, útibúa hans og dótturfélaga og annarra fjármálalegra rekstrareininga er um getur í 1. mgr. 7. gr.
2. Lagt er bann við að bankar Alþýðulýðveldisins Kóreu, þ.m.t. Seðlabanki Alþýðulýðveldisins Kóreu, útibú hans og dótturfélög og aðrar fjármálalegar rekstrareiningar er um getur í 1. mgr. 7. gr.:
 - a) stofni ný fyrirtæki um sameiginlegt verkefni innan lögsögu aðildarríkja,
 - b) öðlist eignarhlut í bönkum innan lögsögu aðildarríkja,
 - c) komi á millibankatengslum við banka innan lögsögu aðildarríkja,
 - d) viðhaldi millibankatengslum við banka innan lögsögu aðildarríkja ef þau búa yfir upplýsingum, sem gefa gilda ástæðu til að ætla að það geti ýtt undir kjarnorku- eða skotflaugaáætlanir Alþýðulýðveldisins Kóreu eða aðra starfsemi sem er bönnuð samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013) eða þessari ákvörðun, eða það að komist sé hjá ráðstöfunum sem er komið á með áður nefndum ályktunum öryggisráðs SP eða þessari ákvörðun.
3. Fjármálastofnunum innan yfirráðasvæða aðildarríkjanna eða lögsögu þeirra er bannað að opna umboðsskrifstofur, dótturfélög, útibú eða bankareikninga í Alþýðulýðveldinu Kóreu.

9. gr.

Lagt skal bann við beinni eða óbeinni sölu eða kaupum eða miðlun eða aðstoð við útgáfu á opinberum eða ríkistryggðum skuldabréfum Alþýðulýðveldisins Kóreu sem eru gefin út eftir 18. febrúar 2013, til handa og af hálfu stjórnvalda í Alþýðulýðveldinu Kóreu, opinberra stofnana þess, fyrirtækja og umboðsskrifstofa, Seðlabanka Alþýðulýðveldisins Kóreu eða banka með heimilisfesti í Alþýðulýðveldinu Kóreu eða útibúa og dótturfélaga innan og utan lögsögu aðildarríkja sem tilheyra bönkum, sem hafa heimilisfesti í Alþýðulýðveldinu Kóreu, eða fjármálalegum rekstrareiningum sem hafa hvorki heimilisfesti í Alþýðulýðveldinu Kóreu né innan lögsögu aðildarríkjanna en eru undir stjórn aðila og rekstrareininga með heimilisfesti í Alþýðulýðveldinu Kóreu og allra aðila og rekstrareininga, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirætlunum þeirra, eða rekstrareininga sem eru í eigu eða lúta stjórn þeirra.

IV. KAFLI

FLUTNINGAGEIRINN

10. gr.

1. Aðildarríki skulu skoða, í samstöðu við innlend yfirvöld og í samræmi við eigin löggjöf og reglur þjóðaréttar, allar farmsendingar til og frá Alþýðulýðveldinu Kóreu á yfirráðasvæði sínu, eða sem fara um yfirráðasvæði þeirra, eða þegar Alþýðulýðveldið Kórea, eða ríkisborgarar hennar eða aðilar eða rekstrareiningar sem koma fram fyrir þeirra hönd, eru miðlarar í viðskiptunum eða greiða fyrir þeim, búi hlutaðeigandi ríki yfir upplýsingum sem gefa gilda ástæðu til að ætla að farmurinn innihaldi hluti sem bannað er að afhenda, selja, færa til eða flytja út í samræmi við ályktanir öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013) eða samkvæmt þessari ákvörðun.
2. Aðildarríki skulu, með samþykki fánaríkisins, skoða skip á úthafinu ef þau búa yfir upplýsingum sem veita réttmæta ástæðu til að ætla að farmur slíkra skipa innihaldi hluti sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt þessari ákvörðun.
3. Aðildarríki skulu hafa samstarf, í samræmi við landslöggjöf, um skoðanir skv. 1. og 2. mgr.
4. Krafan um að veita viðbótarupplýsingar fyrir komu eða fyrir brottför um allar vörur, sem eru fluttar inn í eða út frá aðildarríki, gildir um loftför og skip sem flytja farm til og frá Alþýðulýðveldinu Kóreu.
5. Í tilvikum þar sem skoðun, sem um getur í 1. og 2. mgr. er framkvæmd, skulu aðildarríki haldleggja og losa sig við hluti, sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt ákvörðun þessari, í samræmi við 14. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1874 (2009) og 8. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2087 (2013).
6. Aðildarríkin skulu synja hverju því skipi um komu til hafna sinna, sem neitað hefur að sæta skoðun þegar fánaríki þess hefur heimilað slíka skoðun, eða skipum sem sigla undir fána Alþýðulýðveldisins Kóreu sem hafa neitað að sæta skoðun skv. 12. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1874 (2009).

7. Ákvæði 6. mgr. gilda ekki þegar koma skips er nauðsynleg vegna skoðunar eða þegar um neyðarástand er að ræða eða þegar skip snýr aftur til heimahafnar.

11. gr.

1. Aðildarríki skulu synja hvers kyns loftfari um leyfi til að lenda eða hefja sig til flugs á yfirráðasvæðum sínum eða fljúga yfir þau, búi þau yfir upplýsingum sem gefa gilda ástæðu til að ætla að í loftfarinu séu hlutir sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út í samræmi við ályktanir öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013) eða samkvæmt þessari ákvörðun.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef um er að ræða nauðlendingu.

12. gr.

Lagt er bann við að ríkisborgarar aðildarríkja veiti þjónustu sem tengist eldsneytistöku eða aðföngum skipa eða aðra þjónustu við skip til skipa frá Alþýðulýðveldinu Kóreu eða að það sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja, hafi þeir undir höndum upplýsingar sem gefa gilda ástæðu til að ætla að skipin flytji vörur sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt ákvæðum þessarar ákvörðunar, nema nauðsynlegt sé að veita slíka þjónustu vegna mannúðarsjónarmiða eða þar til lokið er við að skoða farminn og leggja hald á hann og farga honum, ef nauðsyn krefur, í samræmi við 1., 2. og 5. mgr. 10. gr.

V. KAFLI

TAKMARKANIR Á AÐGANGI OG DVÖL

13. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari:

- a) þeir aðilar sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir eða öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tiltekur að séu ábyrgir, meðal annars með stuðningi eða atbeina, fyrir áætlunum Alþýðulýðveldisins Kóreu sem tengjast kjarnorku, skotflaugum eða öðrum geryðingarvopnum, ásamt aðstandendum þeirra eða aðilum sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra, sem taldir eru upp í I. viðauka,
- b) þeir aðilar sem I. viðauki tekur ekki til, svo sem skráð er í II. viðauka:
 - i. sem eru ábyrgir, meðal annars með stuðningi eða atbeina, fyrir áætlunum Alþýðulýðveldisins Kóreu sem tengjast kjarnorku, skotflaugum og öðrum geryðingarvopnum, eða aðilar sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra,
 - ii. sem veita fjármálaþjónustu eða annast tilfærslu peningalegra eigna eða annarra eigna eða tilfanga, sem gætu stutt við kjarnorkuáætlanir Alþýðulýðveldisins Kóreu og áætlanir þess lands, sem tengjast skotflaugum eða öðrum geryðingarvopnum, til, um eða frá yfirráðasvæði aðildarríkja, eða með þátttöku ríkisborgara aðildarríkja eða rekstrareininga, sem stofnaðar eru samkvæmt lögum aðildarríkja, eða aðila eða fjármálastofnana á yfirráðasvæði þeirra,
 - iii. sem, m.a. með því að veita fjármálaþjónustu, eru viðriðnir afhendingu hvers kyns vopna og tengdra efna til eða frá Alþýðulýðveldinu Kóreu eða afhendingu til Alþýðulýðveldisins Kóreu á hlutum, efnum, tækjabúnaði, vörum og tækni sem gætu ýtt undir áætlanir þess lands sem tengjast kjarnorku, skotflaugum eða öðrum geryðingarvopnum,
- c) þeir aðilar sem I. eða II. viðauki tekur ekki til, sem starfa fyrir hönd eða samkvæmt fyrirmælum aðila eða rekstrareiningar sem tilgreind er í I. eða II. viðauka, eða aðilar sem aðstoða við að komast hjá refsiaðgerðum eða við brot gegn ákvæðum ályktana öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013) eða þessarar ákvörðunar, svo sem skráð er í III. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Ákvæði 1. mgr. a gilda ekki ákveði framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir, í hverju tilviki fyrir sig, að slík ferð sé réttlæt看leg af mannúðarástæðum, m.a. vegna trúarlegrar skyldu, eða komist framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir að þeirri niðurstöðu að undanþága myndi með öðrum hætti stuðla að því að markmiðum ályktana öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013) verði náð.

3. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda ekki aðildarríki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði sitt.

4. Ákvæði 1. mgr. eru með fyrirvara um tilvik þegar aðildarríki er skuldbundið að þjóðarétti, nánar tiltekið:

- a) sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,
 - b) sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða fram fer á þeirra vegum,
 - c) samkvæmt marghliða samningi, þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi,
 - d) samkvæmt sáttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningnum) sem Páfastóll (Ríkið Vatikanborg) og Ítalía gerðu sín í milli.
5. Ákvæði 4. mgr. teljast einnig gilda þegar aðildarríki er gistiland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (OSCE).
6. Ráðinu skal tilkynnt um það, á viðeigandi hátt, ef aðildarríki veitir undanþágu skv. 4. eða 5. mgr.
7. Aðildarríki geta veitt undanþágur frá þeim þvingunaraðgerðum sem álagðar eru skv. b-lið 1. mgr. ef ferð er réttlætt af ríkum manúðarástæðum eða vegna þátttöku í ríkjafundum, þ.m.t. fundum sem Evrópusambandið styður eða fundum á vegum aðildarríkis, sem gegnir formennsku í Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE), þar sem fram fara pólitísk skoðanaskipti sem beinlínis stuðla að lýðræði, mannréttindum og réttarreglu í Alþýðulýðveldinu Kóreu.
8. Aðildarríki, sem óskar eftir að veita undanþágu, sem um getur í 7. mgr., skal tilkynna ráðinu það skriflega. Undanþágan skal teljast veitt nema einn fulltrúi í ráðinu eða fleiri andmæli því skriflega innan tveggja virkra daga frá því tilkynning berst um fyrirhugaða undanþágu. Ef einn fulltrúi í ráðinu eða fleiri hreyfa andmælum getur ráðið tekið ákvörðun um að veita fyrirhugaða undanþágu með auknum meirihluta.
9. Ákvæði c-liðar 1. mgr. gilda ekki um gegnumferð fulltrúa ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kóreu á leið til höfuðstöðva Sameinuðu þjóðanna til að taka þátt í störfum Sameinuðu þjóðanna.
10. Í þeim tilvikum, skv. 4., 5. og 7. mgr. og 9. mgr. a, þegar aðildarríki heimilar komu aðila, sem tilgreindir eru á lista í I., II. eða III. viðauka, inn á yferráðasvæði sitt eða för þeirra um það, skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í og þá einstaklinga sem málið varðar.
11. Aðildarríki skulu sýna árvekni og setja hömlur á komu einstaklinga, sem vinna fyrir eða undir stjórn tilgreinds einstaklings eða rekstrareiningar, sbr. lista í I. viðauka, inn á yferráðasvæði sín og gegnumferð þeirra um þau.

14. gr.

1. Aðildarríki skulu vísa brott þeim ríkisborgurum Alþýðulýðveldisins Kóreu, sem þau telja að vinni fyrir eða undir stjórn aðila eða rekstrareiningar sem er á lista í I. eða II. viðauka, eða sem þau telja að aðstoði við að komast hjá refsiaðgerðum eða við brot gegn ákvæðum ályktana öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013) eða þessarar ákvörðunar, af yferráðasvæðum sínum til endursendingar til Alþýðulýðveldisins Kóreu, í samræmi við gildandi landslög og þjóðarétt.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki þegar viðvera aðila er nauðsynleg til þess að meðferð dómstóla geti farið fram eða eingöngu í lækninga-, öryggis- eða manúðarskyni.

VI. KAFLI

FRYSTING FJÁRMUNA OG EFNAHAGSLEGS AUÐS

15. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu eða undir beinum eða óbeinum yferráðum:
- a) aðila og rekstrareininga, sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir eða öryggisráðið tiltekur að séu þátttakendur í eða styðji, m.a. með ólöglegum aðferðum, kjarnorkuáætlanir Alþýðulýðveldisins Kóreu og áætlanir þess lands sem tengjast skotflaugum eða öðrum gereyðingarvopnum, eða aðila eða rekstrareininga sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra eða rekstrareininga sem þeir eða þær eiga eða ráða yfir, m.a. eftir ólöglegum leiðum, svo sem skráð er í I. viðauka,
 - b) aðila og rekstrareininga sem I. viðauki tekur ekki til, svo sem skráð er í II. viðauka:
 - i. sem eru ábyrgir, meðal annars með stuðningi eða atbeina, fyrir áætlunum Alþýðulýðveldisins Kóreu sem tengjast kjarnorku, skotflaugum og öðrum gereyðingarvopnum, eða aðila eða rekstrareininga sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra, eða rekstrareininga sem þeir eða þær eiga eða ráða yfir, m.a. eftir ólöglegum leiðum,
 - ii. sem veita fjármálaþjónustu eða annast tilfærslu peningalegra eigna eða annarra eigna eða tilfanga, sem gætu stutt við kjarnorkuáætlanir Alþýðulýðveldisins Kóreu og áætlanir þess lands, sem tengjast skotflaugum eða öðrum gereyðingarvopnum, til, um eða frá yferráðasvæði aðildarríkja,

eða með þátttöku ríkisborgara aðildarríkja eða rekstrareininga sem stofnaðar eru samkvæmt lögum aðildarríkja, eða aðila eða fjármálastofnana á yfirráðasvæði þeirra, eða aðila eða rekstrareininga sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra, eða rekstrareininga, sem þeir eða þær eiga eða ráða yfir,

- iii. sem, m.a. með því að veita fjármálaþjónustu, eru viðriðnir afhendingu hvers kyns vopna og tengdra efna til eða frá Alþýðulýðveldinu Kóreu eða afhendingu til Alþýðulýðveldisins Kóreu á hlutum, eignum, tækjabúnaði, vörum og tækni sem gætu ýtt undir áætlanir þess lands sem tengjast kjarnorku, skotflaugum eða öðrum gereyðingarvopnum,
 - c) aðila og rekstrareininga sem I. eða II. viðauki tekur ekki til, sem starfa fyrir hönd eða eftir fyrirmælum aðila eða rekstrareiningar sem tilgreind er í I. eða II. viðauka, eða aðila sem aðstoða við að komast hjá refsiaðgerðum eða við brot gegn ákvæðum ályktana öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013) eða þessarar ákvörðunar, svo sem skráð er í III. viðauka við þessa ákvörðun.
2. Enga fjármuni eða efnahagslegan auð skal, með beinum eða óbeinum hætti, gera aðgengilegan þeim aðilum og rekstrareiningum er um getur í 1. mgr. eða þeim til hagsbóta.
 3. Heimilt er að veita undanþágur vegna fjármuna og efnahagslegs auðs sem eru:
 - a) nauðsynlegir til að uppfylla grunnþarfir, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, váttryggingariðgjalda og gjalda til opinberra þjónustustofnana,
 - b) eingöngu ætlaðir til að greiða hæfilega þóknun fyrir sérfræðistörf og til að standa straum af útgjöldum vegna veittrar lögfræðiþjónustu eða
 - c) eingöngu ætlaðir til að greiða þóknun eða þjónustugjöld, samkvæmt landslögum, fyrir venjubundna vörslu eða viðhald frystra fjármuna og efnahagslegs auðs,

að fram kominni tilkynningu hlutaðeigandi aðildarríkis til framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir, þar sem það á við, um þá fyrirætlun sína að heimila aðgengi að fyrrnefndum fjármunum og efnahagslegum auði, hafni framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir því ekki innan fimm virkra daga frá tilkynningunni.

4. Einnig er heimilt að veita undanþágur vegna fjármuna og efnahagslegs auðs sem eru:
 - a) nauðsynlegir vegna óvenjulegra útgjalda. Hlutaðeigandi aðildarríki skal fyrst tilkynna það framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir og fá samþykki hennar, eftir því sem við á, eða
 - b) andlag dóms-, stjórnisýslu- eða gerðardómsveðs eða -úrskurðar, en þá má nota fjármunina og hinn efnahagslega auð til að fullnægja skilyrðum veðsins eða úrskurðinum, að því tilskildu að ákvörðun um veðið hafi verið tekin eða úrskurðurinn kveðinn upp fyrir þann dag þegar framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir, öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða ráðið tilgreindi viðkomandi aðila eða rekstrareiningu, er um getur í 1. mgr. Hlutaðeigandi aðildarríki skal fyrst tilkynna það framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir, eftir því sem við á.
5. Ákvæði 2. mgr. gildir ekki þegar eftirtaldir fjármunir eru lagðir inn á frysta reikninga:
 - a) vextir eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum eða
 - b) greiðslur samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum, sem gengið var frá eða urðu til fyrir 14. október 2006,

að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir ákvæði 1. mgr.

VII. KAFLI

AÐRAR ÞVINGUNARAÐGERÐIR

16. gr.

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að sýna árvekni og koma í veg fyrir sérhæfða kenndu eða þjálfun ríkisborgara Alþýðulýðveldisins Kóreu á yfirráðasvæðum aðildarríkja eða af hálfu ríkisborgara þeirra, í greinum sem gætu stuðlað að útbreiðslunæmri starfsemi Alþýðulýðveldisins Kóreu á sviði kjarnorku eða þróun landsins á burðarkerfum fyrir kjarnavopn.

17. gr.

Aðildarríki skulu, samkvæmt reglum þjóðaréttar, sýna aukna árvekni gagnvart diplómatisku starfslíði Alþýðulýðveldisins Kóreu til að koma í veg fyrir að slíkir einstaklingar ýti undir kjarnorku- eða skotflaugaáætlanir Alþýðulýðveldisins Kóreu eða aðra starfsemi sem er bönnuð samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) eða nr. 2094 (2013) eða þessari ákvörðun, eða það að komist sé hjá ráðstöfunum sem er komið á með áðurnefndum ályktunum öryggisráðs SP eða þessari ákvörðun.

VIII. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

18. gr.

Tilgreindum aðilum eða rekstrareiningum, sem eru á lista í I., II. eða III. viðauka, eða öðrum aðila eða rekstrareiningu í Alþýðulýðveldinu Kóreu, þ.m.t. ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Kóreu, opinberar stofnanir þess, fyrirtæki og umboðsskrifstofur, eða aðila eða rekstrareiningu, sem gerir kröfur á vegum eða í þágu fyrrnefnds aðila eða rekstrareiningar, skal óheimilt að gera nokkrar kröfur vegna ráðstafana sem ákveðnar hafa verið samkvæmt ályktunum öryggisráðs SP nr. 1718 (2006), nr. 1874 (2009), nr. 2087 (2013) og nr. 2094 (2013), þ.m.t. ráðstöfunum Evrópusambandsins eða aðildarríkja þess, sem er krafist vegna eða í tengslum við framkvæmd viðeigandi ákvarðana öryggisráðsins eða þeirra ráðstafana sem ákvörðun þessi tekur til, þ.m.t. kröfur um bætur eða skadleysisgreiðslur eða aðrar kröfur af því tagi, t.d. krafa um jöfnun, sekt eða krafa samkvæmt tryggingu, kröfur um framlengingu eða greiðslu skuldabréfs, fjárhagslega tryggingu, þ.m.t. kröfur sem stofnast vegna kreditbréfa og álíka gerninga, í tengslum við samninga eða viðskipti sem fyrrnefndar ráðstafanir höfðu, beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta til, áhrif á.

19. gr.

1. Ráðið skal samþykkja breytingar á I. viðauka á grundvelli ákvarðana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir.
2. Ráðið skal, einróma og að tillögu aðildarríkja eða æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, taka saman skrárnar í II. og III. viðauka og samþykkja breytingar á þeim.

20. gr.

1. Tilgreini öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir aðila eða rekstrareiningu skal ráðið fella slíkan aðila eða rekstrareiningu inn í I. viðauka.
2. Ákveði ráðið að aðgerðir, er um getur í b- og c-lið 1. mgr. 13. gr. og b-lið 1. mgr. 15. gr., skuli taka til aðila eða rekstrareiningar, skal það breyta II. eða III. viðauka til samræmis við það.
3. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína hlutaðeigandi aðila eða rekstrareiningu, sem um getur í 1. og 2. mgr., þ.m.t. ástæður þess að viðkomandi er skráður á lista, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum aðila eða rekstrareiningu býðst að leggja fram athugasemdir sínar.
4. Komi fram athugasemdir eða séu traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi aðila eða rekstrareiningu um niðurstöðuna.

21. gr.

1. Í I., II. og III. viðauka skal tilgreina ástæður þess að aðilar og rekstrareiningar eru skráð á lista, eins og öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir segir fyrir um, að því er varðar I. viðauka.
2. Í I., II. og III. viðauka komi einnig fram, þar sem það á við, nauðsynlegar upplýsingar, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreinir að því er I. viðauka viðvíkur, til þess að unnt sé að bera kennsl á viðkomandi aðila eða rekstrareiningar. Að því er varðar aðila geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er rekstrareiningar varðar geta þessar upplýsingar m.a. verið nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í I. viðauka komi einnig fram hvaða dag öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreindi viðkomandi aðila.

22. gr.

1. Þessa ákvörðun skal endurskoða og, ef nauðsyn krefur, breyta henni, einkum að því er varðar flokka aðila, rekstrareininga eða hluta eða viðbótaraðila, -rekstrareiningar eða -hluti sem skulu falla undir þvingunaraðgerðirnar, eða með tilliti til viðeigandi ályktana öryggisráðsins.
2. Þær ráðstafanir, er um getur í b- og c-lið 1. mgr. 13. gr. og b-lið 1. mgr. 15. gr., skal endurskoða reglubundið og a.m.k. á 12 mánaða fresti. Þær skulu falla úr gildi gagnvart viðkomandi aðilum og rekstrareiningum ákvarði ráðið, samkvæmt þeirri málsmeðferð er um getur í 2. mgr. 19. gr., að skilyrðin fyrir því að grípa til þeirra séu ekki lengur fyrir hendi.

23. gr.

Ákvörðun 2010/800/SSUÖ er hér með felld úr gildi.

24. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Lúxemborg 22. apríl 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

C. ASHTON

forseti.

(1) Stjttíð. ESB L 341, 23.12.2010, bls. 32.

(2) Stjttíð. ESB L 338, 21.12.2011, bls. 56.

(3) Stjttíð. ESB L 46, 19.2.2013, bls. 28.

(4) Stjttíð. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1.

*I. VIÐAUKI***A. Skrá yfir aðila sem um getur í a-lið 1. mgr. 13. gr.**

	Name	Alias	Date of birth	Date of designation	Other information
- d) vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,
 - e) lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, fullnustuábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar,
 - f) kreditbréf, farmbréf, sölusamningar og
 - g) skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í sjóðum eða fjármunum.
5. „fyrsting fjármuna“: það að koma í veg fyrir hvers konar flutning, yfirfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem leiðir til breytinga á magni þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gerir notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. stýring eignasafns,
6. „efnahagslegur auður“: hvers kyns eignir, hvort heldur sem er efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir, sem eru ekki fjármunir en unnt er að nota til að afla fjármuna, vöru eða þjónustu,
7. „fyrsting efnahagslegs auðs“: það að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vöru eða þjónustu, þ.m.t. en þó ekki eingöngu, með sölu, leigu eða veðsetningu hans,
8. „yfirráðasvæði Bandalagsins“: þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna, sem sáttmálinn tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, þ.m.t. loftrými þeirra.

2. gr.

1. Lagt er bann við því:
- a) að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, beint eða óbeint, vörur og tækniþekkingu, þ.m.t. hugbúnað er um getur í I. viðauka, til norður-kóresks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, eða til notkunar í Norður-Kóreu, hvort sem þær eða hún er upprunnin í Evrópubandalaginu eða ekki.
 - b) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að bannið, er um getur í a-lið, er sniðgengið.
2. Í I. viðauka skulu vera hvers kyns hlutir, efni, búnaður, vörur og tækniþekking, þ.m.t. hugbúnaður, sem eru hlutir með tvíþætt notagildi, eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð (EB) nr. 1334/2000, sem gætu eftir kjarnorkuáætlanir Norður-Kóreu og áætlanir þess lands, sem tengjast öðrum gereyðingarvopnum eða skotflaugum, sem framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir eða öryggisráð SP hefur ákvarðað. I. viðauki tekur ekki til vara og tækni sem eru á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins⁽⁴⁾.
3. Bannað er að kaupa, flytja inn eða flytja út frá Norður-Kóreu þær vörur og þá tækniþjónustu sem eru í skránni í I. viðauka, hvort sem viðkomandi hlutur er upprunninn í Norður-Kóreu eða ekki.

3. gr.

1. Lagt er bann við því:
- a) að veita, beint eða óbeint, tækniástoð, sem tengist vörum og tækni á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins eða í I. viðauka, og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vörur, sem eru á hinum sameiginlega hergagnalista Evrópusambandsins, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Norður-Kóreu eða til notkunar þar í landi,
 - b) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsástoð í tengslum við vörur og tækni, er um getur á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins eða í I. viðauka, þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings slíkra hluta eða í tengslum við að veita tengda tækniþjónustu einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Norður-Kóreu eða til notkunar þar í landi,
 - c) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þau bönn er um getur í a- eða b-lið eru sniðgengin.
2. Bönnin, sem sett eru fram í þessari málsgrein, gilda ekki um farartæki sem eru ekki notuð í hernaði en hafa verið framleidd með eða búin vörn gegn skotflaugum og eru eingöngu ætluð til að vernda starfsfólk ESB og aðildarríkja þess í Norður-Kóreu.

4. gr.

Lagt er bann við því:

- a) að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, beint eða óbeint, til Norður-Kóreu þær munaðarvörur sem skráðar eru í III. viðauka,
- b) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að bannið, er um getur í a-lið, er sniðgengið.

5. gr.

1. Ef nauðsynlegt þykir í sérstöku tilviki að gera undanþágu frá a-lið 1. mgr. 2. gr., a- eða b-lið 1. mgr. 3. gr. eða a-lið 4. gr. geta viðkomandi seljandi, birgir, tilfærsluaðili, útflytjandi eða þjónustuveitandi lagt rökstudda beiðni fyrir lögbær stjórnvöld aðildarríkis, eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem skráð eru í II. viðauka. Aðildarríkið, sem tekur við beiðninni, skal, ef það telur slíka undanþágu eiga rétt á sér, leggja beiðni um sérstakt samþykki fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.
2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja beiðni um samþykki sem lögð er fyrir öryggisráð SP skv. 1. mgr.
3. Lögbær stjórnvöld aðildarríkisins, eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem skráð eru í II. viðauka, geta heimilað sölu, afhendingu, tilfærslu, útflutning eða veitingu tækniaðstoðar með þeim skilyrðum sem þau telja hæfileg ef öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt beiðni um sérstakt samþykki.

6. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð, sem tilheyra, eru í eigu, í vörslum eða undir stjórn aðila, rekstrareininga og stofnana er um getur í IV. viðauka. Í IV. viðauka skal tilgreina aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir eða öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur tilgreint í samræmi við d-lið 8. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1718 (2006).
2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur, beint eða óbeint, einstaklingum, lög-aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru í skránni í IV. viðauka.
3. Þátttaka, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi, sem miðar beint eða óbeint að því að sniðganga þær ráð-stafanir, er um getur í 1. og 2. mgr., eða sem leiðir til þess að þær verði sniðgengnar, er bönnuð.

7. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, sbr. vefsetrin er um getur í II. viðauka, heimilað, með þeim skilyrðum sem þau telja hæfa, að tilteknir, frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, hafi þau tekið ákvörðun um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:
 - a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga, sem taldir er upp í IV. viðauka og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni-medferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
 - b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega þóknun fyrir sérfræðiþjónustu og standa undir útgjöldum vegna veittrar lögfræðiþjónustu eða
 - c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknun eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs og

að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um fyrrnefnda niðurstöðu og þá fyrirætlun sína að veita heimild og að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ekki andmælt þeirri tilhögun innan fimm virkra daga frá tilkynningu þar um.

2. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkisins, sbr. vefsetrin er um getur í II. viðauka, heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, að tekinni ákvörðun um að hinir frystu fjármunir eða efnahagslegi auður sé nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að aðildarríkið hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá ákvörðun og að nefndin hafi samþykkt ákvörðunina.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt skv. 1. og 2. mgr.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin er um getur í II. viðauka, heimilað að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) þeir fjármunir eða hinn efnahagslegi auður er um ræðir sé andlag dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardóms-veðs sem stofnaðist fyrir þann dag þegar sá einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun er um getur í 2. gr. var færð á lista í I. viðauka eða sé andlag dómsuppkvaðningar eða úrskurðar stjórnsýslu-stofnunar eða gerðardóms fyrir þann dag,
- b) fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að fullnægja kröfum, sem tryggðar eru með fyrrnefndu veði, eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt fyrrnefndum dómi eða

- úrskurði, innan þeirra marka, sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila, sem eiga slíkar kröfur, kveða á um,
- c) fyrrnefnt veð, dómsuppkvaðning eða úrskurður sé ekki í þágu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í I. viðauka,
 - d) viðurkenning veðsins eða úrskurðarins stríði ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki,
 - e) aðildarríkið hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um veðið, dómsuppkvaðninguna eða úrskurðinn.

9. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. kemur ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir í Bandalaginu færi fé inn frysta reikninga, veiti þær viðtöku fjármunum sem þriðji aðili yfirfærir á reikning einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á lista, að því tilskildu að viðbótarinnlagnir á slíka reikninga verði einnig frystar. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbærum stjórnvöldum um þess háttar viðskipti án tafar.
2. Ákvæði 6. mgr. 2. gr. gildir ekki um eftirtaldar viðbætur við frysta reikninga:
 - a) vexti eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum eða
 - b) greiðslur samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir 14. október 2006,að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur séu fryst skv. 1. mgr. 6. gr.

10. gr.

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, með fyrirvara um gildandi reglur um skýrslugjöf, trúnaðarkvöð og þagnarskyldu:
 - a) veita lögbærum stjórnvöldum aðildarríkjanna, sem skráð eru á vefsetrum skv. II. viðauka, þar sem þau hafa heimilisfesti eða eru staðsett, án tafar allar upplýsingar, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum reglugerðar þessarar, s.s. upplýsingar um reikninga og fjárhæðir, sem eru fryst skv. 6. gr., og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar, milliliðalaust eða fyrir atbeina viðkomandi aðildarríkis,
 - b) vinna með lögbærum stjórnvöldum, sbr. vefsetrin er um getur í II. viðauka, að því að sannprófa þessar upplýsingar.
2. Allar viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin veitir viðtöku beint, skulu gerðar aðgengilegar hlutaðeigandi aðildarríki.
3. Allar upplýsingar, sem eru láttnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.

11. gr.

Ef fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur, eða ef synjað er um aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, í góðri trú, á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við reglugerð þessa, bera þeir einstaklingar, lögaðilar eða rekstrareiningar eða stofnanir, sem annast framkvæmd slíkrar aðgerðar eða hlutaðeigandi stjórnendur eða starfsmenn, ekki ábyrgð af neinu tagi, nema sannað þyki að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.

12. gr.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu, án tafar, miðla upplýsingum með gagnkvæmum hætti um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvort öðru aðrar upplýsingar, sem máli skipta í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar um brot á ákvæðum hennar og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.

13. gr.

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess:

- a) að gera breytingar á I. viðauka, annaðhvort á grundvelli ákvarðana framkvæmdanefndar um þvingunaraðgerðir eða öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, og, eftir því sem við á, bæta við tilvísunar-númerum úr sameinuðu nafnaskránni, eins og fram kemur í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87,

- b) að gera breytingar á II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té,
- c) að gera breytingar á III. viðauka til að finpússa eða breyta vöruskránni í honum samkvæmt skilgreiningum eða viðmiðunarreglum sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir kann að dreifa og taka tillit til skráa, sem teknar eru saman í öðrum lögsagnarumdæmum, eða til að bæta við hana tilvísunarnúmerum úr sameinuðu nafnaskránni, eins og fram kemur í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87, ef þörf er á eða viðeigandi þykir,
- d) að breyta IV. viðauka, annaðhvort á grundvelli ákvarðana framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir eða öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, og
- e) að breyta I. eða IV. viðauka samkvæmt hverri þeirri ákvörðun sem ráðið tekur á grundvelli sameiginlegrar afstöðu 2006/795/SSUÖ.

14. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þær komi til framkvæmda. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í reglugerð þessari og tilgreina þau á vefsetrunum, sem skráð eru í II. viðauka, eða með tilvísun á þeim.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um lögbær yfirlög sín án tafar eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

16. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yferráðasvæði Bandalagsins,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern aðila innan eða utan yferráðasvæðis Bandalagsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða er löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta til, innan Bandalagsins.

17. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. mars 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

P. STEINBRÜCK

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 322, 22.11.2006, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 159, 30.6.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 394/2006 (Stjtið. ESB L 74, 13.3.2006, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 129/2007 (Stjtið. ESB L 56, 23.2.2007, bls. 1).

⁽⁴⁾ Núgildandi útgáfa af skránni er birt á bls. 58 í þessum *Stjórnartíðindum ESB*.

I. VIÐAUKI

Vörur og tækni sem um getur í 2. og 3. gr.

A. Vörur.

B. Tækni.

II. VIÐAUKI

Vefsetur með upplýsingum um þau lögbæru stjórnvöld sem um getur í 5., 7., 8., 10. og 15. gr. og heimilisfang fyrir tilkynningar til framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

III. VIÐAUKI

Munaðarvörur sem um getur í 4. gr.

1. Pure-bred horses
2. Caviar and caviar substitutes
3. Truffles and preparations thereof
4. High quality wines (including sparkling wines), spirits and spirituous beverages
5. High quality cigars and cigarillos
6. Luxury perfumes, toilet waters and cosmetics, including beauty and make-up products
7. High quality leather, saddlery and travel goods, handbags and similar articles
8. High quality garments, clothing accessories and shoes (regardless of their material)
9. Hand-knotted carpets, handwoven rugs and tapestries
10. Pearls, precious and semi-precious stones, articles of pearls, jewellery, gold- or silversmith articles
11. Coins and banknotes, not being legal tender
12. Cutlery of precious metal or plated or clad with precious metal
13. High quality tableware of porcelain, china, stone- or earthenware or fine pottery
14. High quality lead crystal glassware
15. High end electronic items for domestic use
16. High end electrical/electronic or optical apparatus for recording and reproducing sound and images
17. Luxury vehicles for the transport of persons on earth, air or sea, as well as their accessories and spare parts
18. Luxury clocks and watches and their parts
19. High quality musical instruments
20. Works of art, collectors' pieces and antiques
21. Articles and equipment for skiing, golf, diving and water sports
22. Articles and equipment for billiard, automatic bowling, casino games and games operated by coins or banknotes.

IV. VIÐAUKI

Skrá yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem um getur í 6. gr.

A. Einstaklingar.

B. Lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir.

Fylgiskjal 5.**Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1283/2009****frá 22. desember 2009****um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 329/2007 frá 27. mars 2007
um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. og 2. mgr. 215. gr. hans,

með hliðsjón af sameiginlegri afstöðu ráðsins 2009/573/SSUÖ frá 27. júlí 2009 ⁽¹⁾ og ákvörðun ráðsins 2009/1002/SSUÖ frá 22. desember 2009 ⁽²⁾ um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2006/795/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórninni,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 20. nóvember 2006 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2006/795/SSUÖ ⁽³⁾ um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu (hér á eftir nefnd „Norður-Kórea“) til framkvæmdar ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna (UNSCR) nr. 1718 (2006).
- 2) Í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1874 (2009) voru samþykktar viðbótarþvingunaraðgerðir gegn Norður-Kóreu með sameiginlegri afstöðu 2009/573/SSUÖ, þ.m.t. sérstaklega bann við afhendingu, sölu og tilfærslu tiltekinna hluta, efnis, búnaðar, vara og tækni sem gæti ýtt undir kjarnorkuáætlanir Norður-Kóreu og áætlanir þess lands sem tengjast öðrum geryðingarvopnum eða skotflaugum. Í ákvörðun 2009/1002/SSUÖ er tilgreint að þetta bann gildi um allar vörur og tækni sem þjóna tvenns konar tilgangi, sem skráð er í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009 um að setja Bandalagsreglur um eftirlit með útflutningi, flutningi, miðlun og umflutningi hluta með tvíþætt notagildi (endurúttefning) ⁽⁴⁾.
- 3) Í sameiginlegri afstöðu 2009/573/SSUÖ er einnig kveðið á um skoðun á tilteknum farmi til og frá Norður-Kóreu og, ef um ræðir loftför eða skip, um að veita viðbótarupplýsingar fyrir komu eða fyrir brottför um vörur sem eru fluttar inn í eða út úr Evrópusambandinu. Þessar upplýsingar skal veita í samræmi við ákvæði um yfirlitsskýrslur um innflutning eða útflutning í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna Bandalagsins ⁽⁵⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um ákvæði vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um setningu tollareglna Bandalagsins ⁽⁶⁾.
- 4) Í sameiginlegri afstöðu 2009/573/SSUÖ er einnig kveðið á um bann við að veita þjónustu sem tengist eldsneytistöku eða aðra þjónustu til norður-kóreskra skipa til að koma í veg fyrir flutning á vörum sem bannað er að flytja út samkvæmt reglugerð (EB) nr. 329/2007 ⁽⁷⁾.
- 5) Með sameiginlegri afstöðu 2009/573/SSUÖ voru aðgerðir til að frysta fjármuni einnig látnar taka til annarra flokka og gripið til aðgerða til að stuðla árvekni í fjármálum að því er varðar starfsemi fjármálastofnana sem gætu stutt kjarnorkuáætlanir Norður-Kóreu og áætlanir þess lands í tengslum við geryðingarvopn eða skotflaugar.
- 6) Aðgerðir þessar rúmast innan gildissviðs sáttmálans og til að tryggj sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með sama hætti er löggjöf á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd að því er Sambandið varðar.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 329/2007 til samræmis við það.
- 8) Vinnsla persónuupplýsinga einstaklinga samkvæmt reglugerð þessari skal vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽⁸⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽⁹⁾.
- 9) Reglugerð þessi skal öðlast gildi án tafar til þess að tryggj sé að þær aðgerðir, sem þar er kveðið á um, skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 329/2007 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 8. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„8. „yfirráðasvæði Evrópusambandsins“ merkir þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, þ.m.t. loftrými þeirra,“

2. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

1. Lagt er bann við því:

- a) að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, beint eða óbeint, vörur og tækni, þ.m.t. hugbúnað, er um getur í I. viðauka eða I. viðauka a, til norður-kóresks aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, eða til notkunar í Norður-Kóreu, hvort sem þær eða hún er upprunnin í Evrópusambandinu eður ei,
- b) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að bannið, er um getur í a-lið, er sniðgengið.

2. Í I. viðauka skal tilgreina alla hluti, efni, búnað, vörur og tækni, þ.m.t. hugbúnað, sem hafa tvíþætt notagildi eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 428/2009 ⁽¹⁰⁾.

Í I. viðauka a skal tilgreina alla aðra hluti, efni, búnað, vörur og tækni sem gætu stutt kjarnorkuáætlanir Norður-Kóreu og áætlanir þess lands sem tengjast öðrum geryðingarvopnum eða skotflaugum.

3. Bannað er að kaupa, flytja inn eða flytja frá Norður-Kóreu þær vörur og þá tækni sem eru á listanum í I. viðauka og I. viðauka a, hvort sem viðkomandi hlutur er upprunninn í Norður-Kóreu eður ei.“

3. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því:

- a) að láta í té, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð, sem tengist þeim vörum og þeirri tækni sem eru á hinum sameiginlega hergagnalista Evrópusambandsins eða í I. viðauka eða I. viðauka a, og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vörur, sem eru á hinum sameiginlega hergagnalista Evrópusambandsins, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Norður-Kóreu eða til notkunar þar í landi,
- b) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsástoð í tengslum við vörur og tækni, er um getur á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins eða í I. viðauka og I. viðauka a, þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings slíkra hluta eða í tengslum við að veita tengda tækniþjónustu nokkrum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Norður-Kóreu eða til notkunar þar í landi,
- c) að fá, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð, sem tengist þeim vörum og þeirri tækni sem eru á hinum sameiginlega hergagnalista Evrópusambandsins eða í I. viðauka eða I. viðauka a, og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vörur, sem eru á hinum sameiginlega hergagnalista Evrópusambandsins, frá einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Norður-Kóreu eða til notkunar þar í landi,
- d) að fá, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsástoð í tengslum við vörur og tækni, er um getur á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins eða í I. viðauka og I. viðauka a, þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings slíkra hluta eða í tengslum við að veita tengda tækniþjónustu nokkrum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Norður-Kóreu eða til notkunar þar í landi,
- e) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því að sniðganga þau bönn er um getur í a-, b-, c- og d-lið eða sem leiðir til þess að þau verði sniðgengin.“

4. Eftirfarandi grein bætist við:

„3. gr. a

1. Til þess að koma í veg fyrir tilfærslu vara og tækni sem tilgreind eru í I. viðauka og I. viðauka a, sem gæti stutt kjarnorkuáætlanir Norður-Kóreu og áætlanir þess lands, sem tengjast öðrum geryðingarvopnum eða skotflaugum, eða munaðarvara, sem tilgreindar eru í III. viðauka, skal vöruloftförum eða kaupskipum, sem koma til eða fara frá Norður-Kóreu, skylt að veita lögbærum tollyfirvöldum hlutað-

eigandi aðildarríkis upplýsingar, fyrir komu eða brottför, um allar vörur sem eru fluttar inn til eða út frá Evrópusambandinu.

Reglur um þá skyldu að veita upplýsingar fyrir komu eða brottför, einkum um þau tímamörk sem ber að virða og þau gögn sem nauðsynleg eru, skulu vera þær sem eru settar með viðeigandi ákvæðum um yfirlitsskýrslur við innkomu og brottflutning og um tollskýrslur sem er að finna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2005 frá 13. apríl 2005 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um setningu tollareglna Bandalagsins ⁽¹¹⁾ og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1875/2006 frá 18. desember 2006 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2454/93 um ákvæði vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um setningu tollareglna Bandalagsins ⁽¹²⁾.

Að auki skulu vörulöftför og kaupskip, sem koma til eða fara frá Norður-Kóreu, eða fulltrúar þeirra, tilkynna hvort vörurnar falli undir reglugerð þessa og, ef útflutningur þeirra er háður leyfi, tilgreina einstök atriði þess útflutningsleyfis sem veitt er.

Heimilt er, fram til 31. desember 2010, að senda yfirlitsskýrslurnar um innflutning og útflutning og þau atriði til viðbótar sem krafist er og um getur í þessari grein skriflega með því að notast við verslunar-, hafnar- eða flutningsupplýsingar, að því tilskildu að í þeim séu allar nauðsynlegar upplýsingar.

Frá og með 1. janúar 2011 skal senda þau viðbótaratriði sem krafist er og um getur í þessari grein, annaðhvort skriflega eða með því að notast við yfirlitsskýrslur um innflutning eða útflutning, eftir því sem við á.

2. Lagt er bann við að ríkisborgarar aðildarríkja veiti þjónustu sem tengist eldsneytistöku eða aðföngum skipa eða aðra þjónustu við skip til norður-kóreskra skipa, eða að það sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja, hafi veitendur þjónustunnar undir höndum upplýsingar, m.a. frá þar til bærum töllyfirvöldum, byggðar á þeim upplýsingum fyrir komu eða brottför er um getur í 1. mgr., sem gefa gilda ástæðu til að ætla að skipin flytji vörur sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, nema nauðsynlegt sé að veita slíka þjónustu vegna mannúðarsjónarmiða.“

5. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð, sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila, rekstrareininga og stofnana er um getur í IV. viðauka. Í IV. viðauka skal tilgreina aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir eða öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur tilgreint í samræmi við d-lið 8. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1718 (2006).

2. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð, sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila, rekstrareininga og stofnana er um getur í V. viðauka. Í V. viðauka skal tilgreina aðila, rekstrareiningar og stofnanir, sem ekki voru skráðar í IV. viðauka, sem ráðið, í samræmi við b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. sameiginlegrar afstöðu 2006/795/SSUÓ, telur:

- a) að beri ábyrgð á kjarnorkuáætlunum Norður-Kóreu og áætlunum þess lands sem tengjast öðrum geryðingarvopnum eða skotflaugum, auk aðila eða stofnana sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra og rekstrareiningar í þeirra eiga eða undir þeirra stjórn, eða
- b) að veiti fjármálaþjónustu eða framkvæmi tilfærslu til, um eða frá yfirráðasvæði Evrópusambandsins, eða fyrir milligöngu ríkisborgara aðildarríkja eða rekstrareininga, sem skipulagðar eru samkvæmt landslögum aðildarríkjanna, á peningalegum eða öðrum eignum eða auðlindum, sem gætu stutt kjarnorkuáætlanir Norður-Kóreu og áætlanir þess lands sem tengjast öðrum geryðingarvopnum eða skotflaugum, eða aðila eða fjármálastofnana á yfirráðasvæði Evrópusambandsins, auk aðila eða stofnana sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra og rekstrareiningar í þeirra eigu eða undir þeirra stjórn.

Endurskoða ber V. viðauka með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti.

3. Í IV. og V. viðauka skulu vera, ef hægt er, upplýsingar um skráða einstaklinga í þeim tilgangi að tilgreina með fullnægjandi hætti hlutaðeigandi einstaklinga.

Slíkar upplýsingar geta verið:

- a) kenninafn og eiginnafn, þ.m.t. tökunöfn og titlar, ef um slíkt er að ræða,
- b) fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður,
- c) ríkisfang,
- d) númer vegabréfs og kennivottorðs,
- e) skattanúmer og kennitala,
- f) kyn,

- g) heimilisfang eða aðrar upplýsingar um dvalarstað,
- h) starf eða starfsgrein,
- i) dagsetning tilgreiningar.

Í IV. og V. viðauka skal einnig fjallað um ástæður skráningar, svo sem starf.

Einnig mega í IV. og V. viðauka vera upplýsingar til auðkenningar eins og segir í þessari málsgrein um aðstandendur skráðra einstaklinga, að því tilskildu að þær upplýsingar séu nauðsynlegar í tilteknu máli í þeim eina tilgangi að staðfesta deili á hlutaðeigandi skráðum einstaklingi.

4. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal vera aðgengilegur þeim einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum er um getur í IV. og V. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti.

5. Þátttaka, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi, sem miðar beint eða óbeint að því að sniðganga þær ráðstafanir er um getur í 1. og 2. mgr. eða sem leiðir til þess að þær verði sniðgengnar, er bönnuð.“

6. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin er um getur í II. viðauka, heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) viðkomandi lögbært stjórnvald hafi komist að því að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:
 - i. nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir aðila, er um getur í IV. eða V. viðauka, og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur fyrir matvæli og greiðsla húsaleigu eða veðlána, greiðslur fyrir lyf og læknismedferð, greiðslur vegna skattheimtu og greiðslur iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
 - ii. eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega þóknun fyrir sérfræðiþjónustu og standa undir útgjöldum vegna veittrar lögfræðiþjónustu eða
 - iii. eingöngu ætlaður til að greiða þóknun eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs og
- b) hlutaðeigandi aðildarríki hafi, varði heimildin aðila, rekstrareiningu og stofnun er um getur í IV. viðauka, tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá niðurstöðu og þá fyrirætlun sína að veita heimild og að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ekki andmælt þeirri tilhögun innan fimm virkra daga frá tilkynningu þar um.

2. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin er um getur í II. viðauka, heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur að tekinni ákvörðun um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda að því tilskildu:

- a) ef heimildin varðar aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem skráð er í IV. viðauka, að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þessa ákvörðun og að nefndin hafi samþykkt hana og
- b) ef heimildin varðar aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem skráð er í V. viðauka, að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt öðrum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni á hvaða forsendum það telji að veita skuli sérstaka heimild a.m.k. tveimur vikum áður en hún er veitt.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt skv. 1. og 2. mgr.“

7. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin er um getur í II. viðauka, heimilað að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé bundinn veði af hálfu dómstóls, stjórnslustofnunar eða gerðardóms, þ.e. veði sem var stofnað til fyrir þann dag þegar sá aðili, rekstrareining eða stofnun sem um getur í 6. gr. var færður á listann, eða bundinn úrskurði dómstóls, stjórnslustofnunar eða gerðardóms sem var felldur fyrir þann dag,
- b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði eingöngu notaður til að uppfylla kröfur, sem fyrrnefnt veð tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt fyrrnefndum dómi eða

úrskurði, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila sem eiga slíkar kröfur kveða á um,

- c) veðið, dómsuppkvaðningin eða úrskurðurinn sé ekki í þágu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á lista í IV. eða V. viðauka,
- d) viðurkenning veðsins, dómsuppkvaðningarinnar eða úrskurðarins stríði ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki og
- e) að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi tilkynnt hlutaðeigandi aðildarríki um veðið, dómsuppkvaðninguna eða úrskurðinn að því er varðar aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem eru á lista í IV. viðauka.“

8. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

1. Ákvæði 4. mgr. 6. gr. kemur ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir í Evrópusambandinu færi fé til tekna á frystum reikningum, veiti þær viðtöku fjármunum sem þriðji aðili yfirfærir á reikning einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á lista, að því tilskildu að viðbótarinnlagir á slíka reikninga verði einnig frystar. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbærum stjórnvöldum um þess háttar viðskipti án tafar.

2. Ákvæði 6. mgr. 4. gr. gildir ekki um viðbætur eftirtalinnna fjármuna við frysta reikninga:

- a) vaxta eða annarra tekna af fyrrnefndum reikningum eða
- b) greiðslna samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum, sem gerðar voru eða urðu til fyrir þann dag sem viðkomandi aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, er um getur í 6. gr., voru tilgreindar, að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur séu fryst skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr.“

9. Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

1. Að frysta fjármuni og efnahagslegan auð eða að synja um aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, gert í góðri trú á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, skapar þeim einstaklingum, lögaðilum eða rekstrareiningum eða stofnunum sem annast framkvæmd slíkar aðgerðar eða stjórnendum hans eða hennar eða starfsmönnum ekki ábyrgð af neinu tagi, nema sannað þyki að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.

2. Þau bönn sem eru sett fram í b-lið 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 6. gr. skulu ekki gefa tilefni til þess að viðkomandi einstaklingar eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir verði dregnar til ábyrgðar af neinu tagi, ef þessir aðilar vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við fyrrnefnd bönn.“

10. Eftirfarandi grein bætist við:

„11. gr. a

1. Lána- og fjármálastofnanir, sem falla undir gildissvið 16. gr., skulu, í viðskiptum sínum við lána- og fjármálastofnanir, er um getur í 2. mgr., og í því skyni að koma í veg fyrir að slík starfsemi styðji við kjarnorkuáætlanir Norður-Kóreu og áætlanir þess lands sem tengjast öðrum geryðingarvopnum eða skotflaugum:

- a) sýna stöðuga árvekni vegna hreyfinga á reikningum, einkum fyrir tilverknad áætlana sinna um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna og eins og þeim ber að gera eftir skuldbindingum sínum varðandi peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
- b) gera kröfu um að allir upplýsingareitir í greiðslufyrirmælum, sem varða sendanda og viðtakanda í þeim viðskiptum sem um ræðir, séu útfylltir og hafna viðskiptunum séu upplýsingarnar ekki veittar,
- c) varðveita öll skráð gögn um viðskipti í fimm ár og veita innlendum stjórnvöldum aðgang að þeim sé þess óskað og
- d) tilkynna tafarlaust grunsemdir sínar til peningþvættisskrifstofunnar (FIU) eða annars lögbærs stjórnvalds sem hlutaðeigandi aðildarríki tilgreinir, sbr. vefsetrin í II. viðauka, hafi þær grunsemdir um eða réttmæta ástæðu til að ætla að fjármunir tengist fjármögnun á útbreiðslu, sbr. þó ákvæði 1. mgr. 3. gr. eða 6. gr. Peningþvættisskrifstofan, eða annað lögbært stjórnvald, skal gegna hlutverki innlendarar miðstöðvar og taka við og kanna tilkynningar um viðskipti sem vekja grunsemdir með tilliti til fjármögnunar á útbreiðslu. Peningþvættisskrifstofan eða annað sambærilegt lögbært stjórnvald skal hafa tímanlega aðgang, með beinum eða óbeinum hætti, að fjármálaupplýsingum og stjórnsýslu- og löggæsluupplýsingum, sem henni eða því eru nauðsyn-

legar til þess að geta sinnt þessu verkefni á réttan hátt, þ.m.t. að könnunum á tilkynningum um grunsamleg viðskipti.

2. Þær aðgerðir sem lýst er í 1. mgr. gilda um starfsemi sem lána- og fjármálastofnanir stunda í samvinnu við:

- a) lána- og fjármálastofnanir með aðsetur í Norður-Kóreu,
- b) útibú og dótturfélög sem falla undir gildissvið 16. gr. og tilheyra lána- og fjármálastofnunum með aðsetur í Norður-Kóreu, sbr. lista í VI. viðauka,
- c) útibú og dótturfélög, sem eru utan gildissviðs 16. gr. og tilheyra lána- og fjármálastofnunum með aðsetur í Norður-Kóreu, sbr. lista í VI. viðauka, og
- d) lána- og fjármálastofnanir, sem hvorki hafa aðsetur í Norður-Kóreu né falla undir gildissvið 16. gr. en lúta stjórn aðila eða rekstrareininga með aðsetur í Norður-Kóreu, sbr. lista í VI. viðauka.“

11. Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

1. Framkvæmdastjórnin hefur vald til þess:

- a) að gera breytingar á I. viðauka a á grundvelli ákvarðana annaðhvort framkvæmdanefndar um þvingunaraðgerðir eða öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og, eftir því sem við á, bæta við tilvísunarnúmerum úr sameinuðu nafnaskránni eins og fram kemur í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87,
- b) að gera breytingar á II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té,
- c) að gera breytingar á III. viðauka til að fínþússa eða breyta listanum yfir vörur sem þar skal vera að finna, samkvæmt skilgreiningum eða viðmiðunarreglum sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir kann að dreifa eða til að bæta við hann tilvísunarnúmerum úr sameinuðu nafnaskránni eins og fram kemur í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87, ef þörf er á eða viðeigandi þykir,
- d) að breyta IV. viðauka á grundvelli ákvarðana annaðhvort framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir eða öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og
- e) að breyta V. og VI. viðauka í samræmi við ákvarðanir teknar um II., III., IV. og V. viðauka við sameiginlega afstöðu 2006/795/SSUÖ.

2. Framkvæmdastjórnin skal vinna persónuupplýsingar til að vinna þau verkefni sem henni ber að leysa af hendi samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹³⁾.“

12. Í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

„16. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yfirráðasvæði Evrópusambandsins,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern aðila innan eða utan yfirráðasvæðis Evrópusambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða er löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, með tilliti til viðskipta sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta til, innan Evrópusambandsins.“

13. Í stað I. viðauka komi texti I. viðauka við reglugerð þessa,

14. Í stað IV. viðauka komi texti II. viðauka við reglugerð þessa,

15. Texti III. viðauka við reglugerð þessa bætist við sem V. viðauki,

16. Texti IV. viðauka við reglugerð þessa bætist við sem VI. viðauki.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

A. CARLGREN

forseti.

-
- (¹) Stjtið. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 111.
 (²) Stjtið. ESB L 344, 23.12.2009, bls. 47.
 (³) Stjtið. ESB L 322, 22.11.2006, bls. 32.
 (⁴) Stjtið. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1.
 (⁵) Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1.
 (⁶) Stjtið. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1.
 (⁷) Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 1.
 (⁸) Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.
 (⁹) Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
 (¹⁰) Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.
 (¹¹) Stjtið. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 13.
 (¹²) Stjtið. ESB L 360, 19.12.2006, bls. 64.
 (¹³) Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

I. VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Vörur og tækni sem vísað er til í 2. og 3. gr.

Allar vörur og tækni sem skráð er í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 428/2009.

I. VIÐAUKI a

Vörur og tækni sem vísað er til í 2. og 3. gr.

Other items, materials, equipment, goods and technology which could contribute to North Korea's nuclear-related, other weapons of mass destruction-related or ballistic missile-related programmes.

1. Unless otherwise stated, reference numbers used in the column entitled “Description” refer to the descriptions of dual use items and technology set out in Annex I to Regulation (EC) No 428/2009.
2. A reference number in the column entitled “Related item from Annex I to Regulation (EC) No 428/2009” means that the characteristics of the item described in the column “Description” lie outside the parameters set out in the description of the dual use entry referred to.
3. Definitions of terms between “single quotation marks” are given in a technical note to the relevant item.
4. Definitions of terms between “double quotation marks” can be found in Annex I to Regulation (EC) No 428/2009.

GENERAL NOTES

1. The object of the prohibitions contained in this Annex should not be defeated by the export of any non-prohibited goods (including plants) containing one or more prohibited components when the prohibited component or components are the principal element of the goods and can feasibly be removed or used for other purposes.

N.B.: In judging whether the prohibited component or components are to be considered the principal element, it is necessary to weigh the factors of quantity, value and technological know-how involved and other special circumstances which might establish the prohibited component or components as the principal element of the goods being procured.

2. Goods specified in this Annex include both new and used goods.

GENERAL TECHNOLOGY NOTE (GTN)
(To be read in conjunction with Part C)

1. The sale, supply, transfer or export of “technology” which is “required” for the “development”, “production” or “use” of goods the sale, supply, transfer or export of which is prohibited in Part A (Goods) below, is prohibited in accordance with the provisions of Part B.
2. The “technology” “required” for the “development”, “production” or “use” of prohibited goods remains under prohibition even when applicable to non-prohibited goods.
3. Prohibitions do not apply to that “technology” which is the minimum necessary for the installation, operation, maintenance (checking) and repair of those goods which are not prohibited.
4. Prohibitions on “technology” transfer do not apply to information “in the public domain”, to “basic scientific research” or to the minimum necessary information for patent applications.

A. GOODS

NUCLEAR MATERIALS, FACILITIES, AND EQUIPMENT

I.A0. Goods

No	Description	Related item from Annex I to Regulation (EC) No 428/2009
